

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/78/14

frá 3. janúar 2006

um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Svíþjóð hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði*

*(tilkynnt með númeri C(2005) 5532)***(Einungis sænski textinn hefur lagagildi)**

(2006/347/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 6. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/399/EB frá 24. maí 2002 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Svíþjóð hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði⁽²⁾, var veitt undanþága frá tilskipun 76/116/EBE með því að samþykkja sænsk ákvæði sem banna að áburður sé settur á markað í Svíþjóð ef hann inniheldur meira en 100 grömm af kadmíumi fyrir hvert tonn af fosfór. Þessi undanþága gildi til 31. desember 2005.

I. MÁLSATVIK

1. Löggjöf Bandalagsins

- 1) Í tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð⁽¹⁾ er mælt fyrir um þær kröfur sem áburður verður að uppfylla til að unnt sé að setja hann á markað með skilgreiningunni „EB-áburður“.
- 2) Í I. viðauka við tilskipun 76/116/EBE kemur fram tegundarheiti og samsvarandi kröfur, m.a. að því er varðar samsetningu, sem allur skilgreindur EB-áburður verður að uppfylla. EB-áburður, sem tilgreindur er í þessari skrá, er flokkaður eftir innihaldi aðalnæringarefnanna, þ.e. frumefnanna köfnunarefnis, fosförs og kalíums.
- 3) Samkvæmt 7. gr. tilskipunar 76/116/EBE var aðildarríkjunum óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu áburðar, sem er merktur „EB-áburður“ og er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, með skírskotun í samsetningu, auðkenni, merkingu eða umbúðir.
- 5) Í stað tilskipunar 76/116/EBE, með áorðnum breytingum, er komin reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð⁽³⁾.
- 6) Í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er kveðið á um að líta skuli á undanþágur frá ákvæðum 7. gr. tilskipunar 76/116/EBE, sem framkvæmdastjórnin veitti skv. 6. mgr. 95. gr. sáttmálans, sem undanþágur frá ákvæðum 5. gr. í fyrrgreindri reglugerð og þær gilda áfram án tillits til gildistöku reglugerðarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 19. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 15.

(¹) Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 21. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

(²) Stjtið. EB L 138, 28.5.2002, bls. 24.

(³) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2004 (Stjtið. ESB L 359, 4.12.2004, bls. 25).

- 7) Samkvæmt 15. forsendu reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 mun framkvæmdastjórnin fjalla um jarðefnaáburð, sem af slysninniheldur kadmíum, og semja tillögu, eftir því sem við á, sem hún mun leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 8) Unnið er að því að undirbúa tillögu framkvæmdastjórnarinnar um kadmíum í áburði.
- innanlands á aðildardeginum, og að þessi undanþága gildi fyrir tímabilið frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2001.
- 12) Hinn 7. desember 2001 tilkynnti Konungsríkið Svíþjóð um þau landslög sem voru í gildi og viku frá ákvæðum tilskipunar 76/116/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um áburð. Að lokinni vandlegri athugun var undanþágan frá tilskipun 76/116/EBE framlengd til 31. desember 2005 með ákvörðun 2002/399/EB.

2. Aðild Svíþjóðar

- 9) Svíþjóð gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. janúar 1995. Í aðildarlögunum ⁽¹⁾ er mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði varðandi notkun og markaðssetningu kadmíums í því aðildarríki. Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. gilda ákvæðin, sem um getur í XII. viðauka við aðildarlögin, ekki fyrir Svíþjóð fyrstu fjögur árin frá aðildardeginum, í samræmi við þann viðauka og með þeim skilyrðum sem þar eru sett fram. Samkvæmt 112. gr. og 4. lið í XII. viðauka við aðildarlögin gildir 7. gr. tilskipunar 76/116/EBE ekki fyrir Svíþjóð fyrir 1. janúar 1999 að því er varðar kadmíuminnihald áburðar og skulu ákvæði tilskipunar 76/116/EBE endurskoðuð í samræmi við málsmeðferð Bandalagsins eigi síðar en 31. desember 1998.
- 10) Í 2. gr. aðildarlaganna segir: frá aðildardegi eru ákvæði upprunalegu sáttmálanna og gerðanna, sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild, bindandi fyrir nýju aðildarríkin og gilda í þeim ríkjum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim sáttmálum og í þessum lögum. Í 168. gr. aðildarlaganna segir: nýju aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem þarf til að geta farið að ákvæðum tilskipana og ákvarðana í skilningi 189. gr. (nú 249. gr.) EB-sáttmálans frá og með aðildardegi (...), nema kveðið sé á um tímamörk í skránni í XIX. viðauka, eða í öðrum ákvæðum þessara laga.
- 11) Tilskipun 76/116/EBE var síðar breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/97/EB ⁽²⁾ að því er varðar markaðssetningu áburðar, sem inniheldur kadmíum, í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð. Í 1. gr. er m.a. kveðið á um að Svíþjóð sé heimilt að banna markaðssetningu á yfirráðasvæði sínu á áburði, sem inniheldur kadmíum í styrk sem er yfir þeim mörkum sem voru í gildi

3. Innland ákvæði

- 13) Í „reglugerðinni um iðefnavörur“ (bann við meðhöndlun, innflutningi og útflutningi) (1998:944) ⁽³⁾ eru ákvæði sem varða m.a. leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði, þ.m.t. skilgreindur EB-áburður. Samkvæmt 3. lið 3. þáttar þeirrar reglugerðar er ekki heimilt að selja eða flytja áburð sem fellur undir tollskrárnúmerin 25.10, 28.09, 28.35, 31.03 og 31.05 og inniheldur meira en 100 grömm af kadmíumi fyrir hvert tonn af fosfór.
- 14) Þau ákvæði, sem varða leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði, hafa verið í gildi frá því að „kadmíumreglugerðin“ (1985:839) var samþykkt árið 1985. „Reglugerðin um iðefnavörur“ (1998:944) kerfisbindur mismunandi ákvæði sem tengjast umhverfisvernd, þ.m.t. þau sem koma fram í „kadmíumreglugerðinni“ (1985:839).

II. MÁLSMEÐFERÐ

- 15) Konungsríkið Svíþjóð tilkynnti framkvæmdastjórninni með bréfi frá 29. júní 2005 að Svíþjóð hygðist, í samræmi við 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, halda áfram að beita innlendum ákvæðum varðandi kadmíuminnihald áburðar frá 1. janúar 2006. Sænsk yfirvöld fara fram á framlengingu á nügildandi undanþágu sem veitt var með ákvörðun 2002/399/EB.
- 16) Framkvæmdastjórnin tilkynnti sænskum yfirvöldum með bréfi frá 29. júlí 2005 að henni hefði borist tilkynningin skv. 4. mgr. 95. gr. og að sá sex mánaða frestur, sem settur væri til nánari athugunar skv. 6. mgr. 95. gr., hæfist 30. júní 2005, daginn eftir viðtöku tilkynningarinnar.

⁽¹⁾ Stjótið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 41 og bls. 316.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 18, 23.1.1999, bls. 60.

⁽³⁾ Sænska lagasafnið (SFS Svensk Författningssamling) frá 14. júlí 1998.

- 17) Framkvæmdastjórnin tilkynnti hinum aðildarríkjunum um beiðni Svíþjóðar með bréfi frá 10. ágúst 2005. Framkvæmdastjórnin birti einnig auglýsingu varðandi beiðnina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽¹⁾ til þess að upplýsa aðra hagsmunaaðila um innlendu ákvæðin sem Svíþjóð hyggst viðhalda.

framan er mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði í aðildarlögunum sem heimila Svíþjóð að halda áfram í fjögur ár að beita innlendum ákvæðum varðandi kadmíuminnihald áburðar þegar um er að ræða vörur sem falla undir tilskipun 76/116/EBE. Með tilskipun 98/97/EB var Svíþjóð heimilað að halda áfram að beita framangreindum innlendum ákvæðum til 31. desember 2001. Með ákvörðun 2002/399/EB var undanþágan framlengd til desember 2005.

III. MAT

1. Mat á lögmæti

- 18) Í 4. mgr. 95. gr. sáttmálans segir að áliti aðildarríki, er ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstöfun til samræmingar, að óhjákvæmilegt sé að viðhalda innlendum ákvæðum sem helgast af grundvallarþörfum þeim sem um getur í 30. gr. eða af sjónarmiðum um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd skuli viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði þau sem um ræðir ásamt ástæðunum fyrir því að viðhalda þeim.

- 19) Samkvæmt tilkynningu sænskra yfirvalda frá 29. júní 2005 hyggjast þau fá leyfi til að framlengja gildandi undanþágu, sem veitt var með ákvörðun 2002/399/EB, fram yfir 31. desember 2005. Samkvæmt þessari ákvörðun er Svíþjóð heimilt að halda áfram að beita innlendum ákvæðum sem eru ósamrýmanleg þeim ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er varða samsetningu skilgreinds EB-áburðar.

- 20) Eins og þegar hefur komið fram kemur 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 í veg fyrir að aðildarríkin setji takmarkanir á markaðssetningu skilgreinds EB-áburðar vegna samsetningar hans en í reglum um samsetningu eru ekki sett nein viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald. Þetta merkir að skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er hægt að setja skilgreindan EB-áburð, sem uppfyllir kröfurnar í þeirri reglugerð, á markað án tillits til kadmíuminnihalds hans.

- 21) Í ljósi þess sem að framan greinir er ljóst að innlendu ákvæðin, sem Svíþjóð tilkynnti um, eru strangari en ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 að því leyti að þau banna að skilgreindur EB-áburður sé settur á markað ef hann inniheldur meira en 100 grömm af kadmíumi fyrir hvert tonn af fosfór.

- 22) Innlendu ákvæðin, sem sænsk yfirvöld tilkynntu um, voru samþykkt árið 1985, áður en Svíþjóð gerðist aðili að Evrópusambandinu. Eins og fram kemur hér að

- 23) Samkvæmt kröfum í 4. mgr. 95. gr., eins og þær eru túlkaðar í ljósi 2. og 168. gr. aðildarlaganna, tilkynnti Svíþjóð framkvæmdastjórninni um nákvæmt orðalag innlendu ákvæðanna, sem Svíþjóð hyggst viðhalda og voru samþykkt fyrir aðild landsins að Evrópusambandinu, og með beiðninni fylgdi skýring á þeim ástæðum sem það telur að réttlæti áframhaldandi beitingu þessara ákvæða.

- 24) Ástæður þær, sem sænsk yfirvöld lögðu fram, eru þær sömu og höfðu áður verið lagðar fram og leiddu til þess að framkvæmdastjórnin veitti undanþágu, með ákvörðun 2002/399/EB, til 31. desember 2005. Þessi frestur var veittur á þeirri forsendu að við árslok 2005 yrði fyrir hendi samhæfð löggjöf. Þrátt fyrir að unnið sé að nýrri löggjöf verður hún ekki samþykkt á vettvangi Bandalagsins fyrir árslok.

- 25) Tilkynningin, sem Svíþjóð lagði fram 29. júní 2005 til að fá samþykki fyrir því að viðhalda innlendum ákvæðum, sem víkja frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2003/2003, skal því teljast tæk skv. 4. mgr. 95. gr. eins og hún er túlkuð í ljósi 2. og 168. gr. aðildarlaganna.

2. Mat á málsatvikum

- 26) Í samræmi við 95. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að öll skilyrði, sem gera aðildarríki kleift að nýta möguleika á undanþágu sem kveðið er á um í þessari grein, séu uppfyllt.

- 27) Framkvæmdastjórnin verður einkum að meta hvort unnt sé að rökstyðja þau ákvæði, sem aðildarríki tilkynnr um, með skírskotun til grundvallarþarfa, sem um getur í 30. gr. sáttmálans, eða til sjónarmiða um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB C 197, 12.8.2005, bls. 6.

28) Samkvæmt 6. mgr. 95. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin einnig kanna, ef hún telur að færð hafi verið rök fyrir innlendu ákvæðunum, hvort þessi innlendu ákvæði feli í sér leið til gerræðislegrar mismununar eða duldar hömlur á viðskiptum milli aðildarríkjanna og hvort þau séu hindrun í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins.

29) Svíþjóð hefur byggt beiðni sína á nauðsyn þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið. Talið er að kadmíum í áburði sé ógnun við umhverfið og heilbrigði manna. Beiðni sinni til stuðnings vísar Svíþjóð til niðurstaðna sænskrar rannsóknar, sem birt var í október 2000 ⁽¹⁾, þar sem fram kemur mat á þeirri áhættu sem tengist áburði sem inniheldur kadmíum.

2.1. Rökstuðningur með skírskotun til grundvallarþarfa

30) Draga má þá ályktun af almennum upplýsingum og fyrirliggjandi vísindalegum gögnum um kadmíum að kadmíummálmur og kadmíumoxíð geti almennt talist skapa alvarlega heilbrigðisáhættu. Einkum hefur kadmíumoxíð verið flokkað sem krabbameinsvaldur, stökkbreytivaldur eða æxlunarskaðvaldur í 2. flokki. Þá er einnig viðurkennt að kadmíum, sem berst í jarðveg og fæðukeðjuna, kemur að langmestu leyti frá áburði.

31) Að því er varðar kadmíum í áburði er hægt að taka saman á eftirfarandi hátt þær upplýsingar úr áhættumatinu, sem Svíþjóð framkvæmdi, sem skipta mestu máli:

— Að því er varðar yfirborðsvatn kemur fram í sænsku áhættumatsskýrslunni að „með því gildi styrks, þar sem engin áhrif eru fyrirjáanleg (PNEC-gildi)⁽²⁾, sem var valið myndi tiltekið lífríki í flestum ám í suður Svíþjóð nú þegar hafa orðið fyrir áhrifum af kadmíum, þ.e. áhættulýsingarhlutföllin ⁽³⁾ eru hærri en einn ⁽⁴⁾. Ef hærri kadmíuminnihald í áburði yrði leyft má búast við enn frekari váhrifum á vatnaumhverfið og áhyggjum af afleiðingum þess.

— Að því er varðar jarðveg kemur fram í sænsku áhættumatsskýrslunni að ekki sé búist við að notkun sænska áburðarins í 100 ár á venjulegan sænskan jarðveg (PNEC-gildi 0,25 mg/kg) við ræktun kartaflna eða hveitis muni verða áhyggjuefni vegna

áhrifa á vistkerfið. Búist er við að ræktun gulróta geti valdið áhyggjum en þetta áhyggjuefni er einnig til staðar á tímapunktinum núll. Hins vegar er búist við að notkun EB-áburðar verði áhyggjuefni í öllum tilvikum. Í súrur, sendum jarðvegi, sem er snauður af leir og lífrænu efni (PNEC-gildi 0,06 mg/kg), er búist við áhættu jafnvel þótt kadmíuminnihald áburðarins sé núll⁴.

32) Ljóst er að þessar niðurstöður eiga við um sérstakt ástand sænska jarðvegsins og þau veðurfarsskilyrði sem ríkja í Svíþjóð.

33) Niðurstaða áhættumatsins, sem Svíar framkvæmdu, sýnir að ef leyft yrði að nota áburð með meira kadmíuminnihaldi en nú er leyfilegt myndi það leiða til:

— verulegrar aukningar kadmíumstyrks í jarðvegi sem myndi síðan leiða til eiturhrifa á jarðvegslífverur; einnig gæti styrkur í vatnsföllum á landbúnaðarsvæðum orðið óviðunandi,

— verulegrar aukningar á innteknu magni kadmíums með fæðu. Öryggismörkin milli núverandi váhrifa og bráðabirgðagilda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir þolanlegan vikuskammt eru mjög lítil. Fyrir suma hópa, sem eru í mikilli áhættu, s.s. konur með lítinn járnforða, eru engin öryggismörk til. Hátt hlutfall inntekins kadmíummagns með fæðu getur því leitt til skertrar nýrnastarfsemi og beinþynningar hjá miklum fjölda fólks.

34) Áhættumatið, sem sænsk yfirvöld lögðu fram, var unnið í samræmi við verklagsreglur og aðferðafræði sem voru ákvarðaðar á vettvangi Bandalagsins og talið er að tryggi að upplýsingarnar, sem fást, séu mjög áreiðanlegar.

35) Framkvæmdastjórnin hefur þegar rannsakað upplýsingarnar í áhættumatinu með tilliti til ákvörðunar 2002/399/EB sem heimilaði Svíþjóð að viðhalda innlendum ákvæðum sínum til 31. desember 2005.

36) Svíþjóð lagði ekki fram önnur vísindaleg og tæknileg gögn árið 2005. Söfnunarferlið er hægvirkt og breytist lítið á þriggja ára tímabili. Því má telja að ástandið sé svipað og það var árið 2002.

⁽¹⁾ Sænska lyfjaeftirlitið, „Mat á áhættu fyrir heilbrigði og umhverfi í Svíþjóð vegna kadmíums í áburði“, 4. október 2000.

⁽²⁾ PNEC: styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirjáanleg (predicted no-effect concentration).

⁽³⁾ Þessi hlutföll eru PEC/PNEC þar sem PEC er áætlaður styrkur í umhverfinu (predicted environmental concentration).

⁽⁴⁾ Sé hlutfall PEC/PNEC hærri en einn bendir það til þess að um skaðleg áhrif verði að ræða.

- 37) Réttmæti gagnanna, sem Svíþjóð lagði fram, er staðfest með eftirfarandi vísindalegum gögnum sem notuð eru til að styðja undirbúning tillögu framkvæmdastjórnarinnar varðandi kadmíum í áburði:

— áliti vísindanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið (SCTEE) ⁽¹⁾ (sem heitir nú vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhrætti ⁽²⁾) frá 24. september 2002 varðandi uppsöfnun kadmíums í nytjajarðvegi sökum áburðarnotkunar. Þetta álit var byggt á áhættumatsskýrslum frá níu aðildarríkjum sem fjalla einungis um uppsöfnunina en ekki um hugsanlega áhrætti fyrir heilbrigði og umhverfi. Niðurstaða vísindanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið var sú að nauðsynlegt væri að takmarka kadmíuminnihald í áburði til að koma í veg fyrir uppsöfnun kadmíums í jarðveginum;

— lokadrögum að almennu áhættumati varðandi kadmíum og kadmíumoxíð frá september 2004 sem samin voru í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 ⁽³⁾ og taka tillit til allra upptaka kadmíums. Drögin styðja álit vísindanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið að því er varðar uppsöfnun í jarðvegi. Enda þótt fram komi í drögunum að framlag það, sem kemur frá kadmíumi í áburði, nægi e.t.v. ekki í sjálfu sér til að áhættan fyrir heilbrigði manna eða umhverfið verði alvarleg og bráð er þörf á að sýna varkárni þar eð ekki er hægt að útiloka áhrætti fyrir heilbrigði manna við allar staðbundnar og svæðisbundnar aðstæður vegna þess hve styrkur kadmíums er breytilegur í matvælum og vegna mismunandi mataræðis og næringarástands.

Tillögu framkvæmdastjórnarinnar varðandi kadmíum í áburði hefur seinkað nokkuð þar eð beðið er eftir því að lokið verði almennu áhættumati varðandi kadmíum og kadmíumoxíð og e.t.v. gerðar ráðstafanir til að draga úr áhrætti í kjölfar þess mats.

- 38) Framkvæmdastjórnin telur því, eftir endurskoðun vísindalegra gagna með hliðsjón af beiðni Svía, að sænsk yfirvöld hafi sýnt fram á að áburður, sem inniheldur kadmíum, skapi áhrætti fyrir heilbrigði manna og umhverfið og að færð hafi verið rök fyrir þeim innlendu ákvæðum, sem sænsk yfirvöld tilkynntu um og miða að því að lágmarka váhrif áburðar, sem inniheldur kadmíum, á sænskt umhverfi.

2.2. Ekki er um að ræða gerræðislega mismunun

- 39) Samkvæmt 6. mgr. 95. gr. skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að fyrirhugaðar ráðstafanir feli ekki í sér leið til gerræðislegrar mismununar. Samkvæmt

úrskurði Dómstóls Evrópubandalaganna er það merki þess að ekki sé um mismunun að ræða ef ekki er unnt að nota innlendar takmarkanir á viðskiptum til þess að skapa mismunun að því er varðar vörur sem eru upprunnar í öðrum aðildarríkjum.

- 40) Fyrirhuguð innlend ákvæði eru almenn og eiga jafnt við um innlenda og innflutta, skilgreindan EB-áburð sem inniheldur fosfór. Niðurstaðan er því sú að engar sannanir liggja fyrir um að hægt sé að nota þau til að mismuna rekstraraðilum í Bandalaginu á gerræðislegan hátt.

2.3. Ekki er um að ræða duldar hömlur á viðskiptum

- 41) Strangari innlend ákvæði um samsetningu skilgreinds EB-áburðar, sem víkja frá ákvæðum tilskipunar Bandalagsins, skapa alla jafna viðskiptahindranir. Vörur, sem hægt er að setja löglega á markað annars staðar í Bandalaginu, er ekki hægt að setja á markað í viðkomandi aðildarríki. Markmiðið með 6. mgr. 95. gr. er að koma í veg fyrir að innlendum ákvæðum, sem byggjast á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 4. og 5. mgr., sé beitt af óréttmætum ástæðum og séu í reynd efnahagslegar ráðstafanir til þess að hindra innflutning á vörum frá öðrum aðildarríkjum með það fyrir augum að vernda innlenda framleiðslu með óbeinum hætti.

- 42) Eins og þegar hefur komið fram gefur notkun áburðar, sem inniheldur kadmíum, á jarðveg tilefni til áhyggna að því er varðar verndun umhverfis og heilbrigðis manna. Af þessum sökum virðist markmiðið með því að viðhalda innlendum ákvæðum vera að vernda umhverfi og heilbrigði manna en ekki að skapa duldar viðskiptahindranir.

2.4. Ekki er um að ræða hindranir í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins

- 43) Þetta skilyrði er ekki hægt að túlka á þann hátt að það banni samþykki fyrir öllum innlendum ráðstöfunum sem eru líklegar til að hafa áhrif á myndun innri markaðarins. Allar innlendar ráðstafanir, sem víkja frá samhæfingarráðstöfun sem miðar að myndun og starfsemi innri markaðarins, eru í raun líklegar til að hafa áhrif á innri markaðinn. Framkvæmdastjórnin telur því að til þess að viðhalda gagnsemi málsmeðferðarinnar um undanþágur sem kveðið er á um í 95. gr. Evrópusáttmálans beri að túlka hugtakið hindrun í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins, með skírskotun til 6. mgr. 95. gr., sem óhófleg áhrif með tilliti til markmiðsins sem stefnt er að.

⁽¹⁾ Vísindanefndin um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið.

⁽²⁾ Vísindanefndin um heilsufars- og umhverfisáhrætti.

⁽³⁾ Stjóð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjóð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

44) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir bæði umhverfið og heilbrigði manna, sem rekja má til notkunar áburðar, sem inniheldur kadmíum, á sænskan jarðveg, og með tilliti til þess:

- að Svíþjóð er heimilt, eins og fram kemur hér að framan, samkvæmt aðildarlögunum og tilskipun 98/97/EB að halda áfram að beita innlendum ákvæðum að því er varðar kadmíuminnihald áburðar þar til tilskipun 76/116/EBE hefur verið endurskoðuð að því er varðar kadmíuminnihald áburðar, og
- að Svíþjóð er heimilt samkvæmt ákvörðun 2002/399/EB að viðhalda innlendum ákvæðum sínum til 31. desember 2005, á grundvelli áhættumatsins, sem sænsk yfirvöld lögðu fram, og
- að sú vinna, sem nú fer fram hjá framkvæmdastjórninni í því skyni að samræma viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir kadmíuminnihald áburðar, gefur ekki ástæðu til að ætla að ráðstöfun, sem ekki er jafn takmarkandi, veiti heilbrigði og umhverfi í Svíþjóð fullnægjandi vernd. Áhættumatið sýnir að vegna sérstakra jarðvegs- og veðurfarsskilyrða í Svíþjóð er þörf á innlendum ákvæðum til að vernda umhverfið vegna þess að sum svæði eru viðkvæmari fyrir áhrifum kadmíums en önnur, einkum vegna þess að jarðvegurinn er súr. Við súr skilyrði eykst leysni kadmíums og því er upptaka þess í uppskeruna e.t.v. greiðari en ella.

Framkvæmdastjórnin telur á þessu stigi endurskoðunarinnar að engar vísbendingar séu um að innlend ákvæði skapi óhóflega hindrun á starfsemi innri markaðarins með tilliti til markmiðanna sem stefnt er að.

2.5. Tímatakmarkanir

45) Tímabilið, sem undanþágan er veitt fyrir, skal vera nægilega langt til að framkvæmdastjórnin geti gert tillögu um lög varðandi kadmíum í áburði á vettvangi Bandalagsins og til að ráðið og Evrópuþingið geti samþykkt þau. Til að komast hjá vandkvæðum vegna hugsanlegra tafa meðan umræða meðal stofnana stendur yfir skulu ákvæði þessarar ákvörðunar gilda þar til hægt er að beita samræmdum ráðstöfunum á vettvangi Evrópusambandsins.

IV. NIÐURSTAÐA

- 46) Í ljósi þess sem að framan greinir má líta svo á að beiðni Konungsríkisins Svíþjóðar frá 29. júní 2005 um að viðhalda innlendum ákvæðum, sem eru strangari en ákvæði tilskipunar 76/116/EBE varðandi kadmíuminnihald í áburði, sé tæk.
- 47) Framkvæmdastjórnin telur einnig að innlendu ákvæðin
- uppfylli þarfir er varða vernd heilbrigðis manna og vernd umhverfisins,
 - séu í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að,
 - feli ekki í sér leið til gerræðislegrar mismununar og
 - séu ekki duldar hömlur á viðskiptum milli aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin telur því að unnt sé að samþykkja þau.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Þrátt fyrir reglugerð (EB) nr. 2003/2003 eru samþykkt þau sænsku ákvæði sem banna að áburður sé settur á markað í Svíþjóð ef hann inniheldur meira en 100 grömm af kadmíumi fyrir hvert tonn af fosfór.

Þessi undanþága gildir þar til samhæfðar ráðstafanir varðandi kadmíum í áburði taka gildi á vettvangi Bandalagsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Svíþjóðar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.